

Sameiningarviðræður Dalabyggðar og Húnaþings vestra

Dalabyggð og Húnaþing vestra eiga í formlegum viðræðum um mögulega sameiningu sveitarfélaganna. Samstarfsnefnd er að stöfum og stefnt er að íbúakosningum um sameiningartillögu 28. nóvember til 13. desember 2025. Fyrir liggja gögn og greiningar sem benda til þess að sameining væri hagkvæmur kostur og að sameining hefði fleiri kosti í för með sér en ókosti.

Við sameiningu Dalabyggðar og Húnaþings vestra yrði til öflugt sveitarfélag með sterkan fjárhag og faglega stjórnsýslu og þjónustu. Sameining hefur alla burði til að stuðla að aukinni byggðafestu og auka aðdráttarafl svæðisins fyrir nýja atvinnustarfsemi og þar með nýja íbúa. Sveitarfélögin eru í dag vel rekin og hafa verið að snúa vörn í sókn. Til að íbúar sjái hag í sameiningu verða stjórnvöld að koma að borðinu með aðgerðir og/eða stuðning til viðbótar við hefðbundin sameiningarframlög.

Það er mat samstarfsnefndar að komi ekki til ákveðinna aðgerða stjórnvalda til að hvetja til sameiningar verði hún ekki samþykkt sem væri afar miður.

Aðgerðir til að auka byggðafestu

Dalabyggð og Húnaþing vestra eru lík að landkostum, íbúasamsetningu og búsetumynstri. Hátt hlutfall íbúa beggja sveitarfélaga býr í dreifbýli og landbúnaður leikur lykilhlutverk í atvinnuháttum sveitarfélaganna. Ekki þarf að fjölyrða um stöðu landbúnaðar í dag og brýnt að sameiningu fylgi einhverskonar stuðningur stjórnvalda við bændur og við fullvinnslu afurða til aukinnar verðmætasköpunar í héraði. Mikil tækifæri liggja í matvælaframleiðslu.

Skipan aðgerðahóps um aukna verðmætasköpun í landbúnaði, sértækur stuðningur við nýsköpun í landbúnaði og/eða matvælaframleiðslu myndi vega þungt í umræðunni um sameiningu.


Dalabyggð hefur tekið þátt í verkefninu „Brothættar byggðir“ í samstarfi við Byggðastofnun og Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi undir verkefnisheitinu DalaAuður. Upphaflega var áætlað að aðkomu Byggðastofnunar myndi ljúka árið 2025 en stjórn Byggðastofnunar hefur samþykkt framlengingu til loka árs 2026.

Mikilvægt er að þeim góða árangri sem náðst hefur verði fylgt eftir, verkefnið fái aukinn stuðning og það útfært yfir á sameinað sveitarfélag í heild. Nauðsynlegt er að ráðið verði í stöðu verkefnisstjóra með aðsetur í sameinuðu sveitarfélaginu til að keyra verkefnið áfram og að aukið verði fjármagn til verkefna. **Slíkt myndi vega þungt í umræðu meðal íbúa um sameiningu.**

Nauðsynlegar samgöngubætur

Helstu áskoranir sameinaðs sveitarfélags væru að tryggja jafnt þjónustustig, viðhalda staðbundnum sérkennum og tryggja nálægð og öryggi í þjónustu. Lykilatriði í því sambandi er að vegasamgöngur verði bættar verulega.

Þjóðvegur nr. 1 liggur um Húnaþing vestra og veltengingar við Vestfirði liggja um sveitarfélögin tvö. Samtals eru um 874 km héraðsvega, landsvega, tengivega og stofnvega í sveitarfélögunum. Þar af eru aðeins um 32% með bundnu slitlagi, eða 282 km. sem er það lægsta sem gerist á landinu.



Ástand vega er víða afar bágborið og nauðsynlegt að úr því verði bætt, m.a. til þess að styrkja svæðið sem eitt atvinnusvæði.

Vegurinn um Skógarströnd (Snæfellsvegur nr. 54) er lengsti stofnvegarkafli landsins sem enn er ekki er með bundnu slitlagi (52 km). Gert er ráð fyrir minniháttar viðgerðum á veginum á 1. tímabili gildandi samgönguáætlunar en meiriháttar úrbætur eru ekki á áætlun fyrr en á 2. og 3. tímabili áætlunarinnar, þ.e. eftir 2029. Á veginum eru auk þess þrjár einbreiðar brýr yfir Svínafossá, Miðá og Hörðudalsá sem æskilegt væri að yrðu endurnýjaðar og breikkaðar.

Lögð er áhersla á að í nýrri samgönguáætlun verði Skógarstrandarvegur í heild sinni settur á fyrsta tímabil áætlunarinnar.

Í gildandi samgönguáætlun er einnig gert ráð fyrir fjárveitingu til lagfæringa á og lagningar bundins slitlags á Vatnsnesveg á árunum 2027, 2028 og á 2. tímabili áætlunarinnar. .

Lögð er áhersla á að í nýrri samgönguáætlun verði framkvæmdir við veginn í heild sinni á fyrsta tímabili.

Í samgönguáætlun er gert ráð fyrir að Vestfjarðavegur, frá Reykjadalssá að Haukadalsá verði endurgerður á 3. tímabili áætlunarinnar. **Einnig er lögð áhersla á að þeim framkvæmdum verði flýtt.**

Með vísan í bættar samgöngur á milli sveitarfélaganna tveggja m.v. núverandi aðstæður skiptir miklu máli að á næstu misserum verði lokið við að leggja bundið slitlag á veginn yfir Laxárdalsheiði, einbreiðum brúm þar útrýmt og fjarskiptaöryggi á leiðinni tryggt.

Með því að brúa Hrótafjörð eru líkur auknar á að fært sé á milli landshluta þótt Holtavörðuheiði lokist, auk þess að tengja búsetusvæði sveitarfélaganna tveggja. Vegalengd milli þéttbýliskjarna sameinaðs sveitarfélags myndi með þverun fjarðarins styttest um u.þ.b. 25 km. Framtíðarmúsík væri svo göng í gegnum Bröttubrekku sem gerði það að verkum að hægt væri að fara til og frá Reykjavík á láglendisvegi sem myndi nýtast mun stærra landsvæði en hinu sameinaða sveitarfélagi. Með því að hefja umræðu um þessar framkvæmdir og setja þær á dagskrá væri að mati samstarfsnefndar sett þungt lóð á vogarskálar sameiningar.

Löggæsla

Margoft hefur verið bent á, sbr. skýrslu Embættis ríkislögreglustjóra, að löggæslu í Dölum er verulega ábótavant. Byggja þarf upp aðstöðu fyrir lögreglu og koma á a.m.k. fjórum stöðugildum lögreglumanna í Dölum sem er það lágmark sem lagt er til í fyrrgreindri skýrslu.

Brautryðjendaverkefni

Sameining Dalabyggðar og Húnaþings vestra er í raun brautryðjandi verkefni á margan hátt. Meðal annars vegna sameiningar sveitarfélaga á milli landshluta og þvert á ýmsar manngerðar umdæmalínur. Ljóst er að eigi áform um styrkingu sveitastjórnarstigsins fram að ganga eiga eftir að eiga sér stað sameiningar af þeim toga, sem ganga þvert á þær línur sem við erum vön að miða við. Því er afar mikilvægt að sameining sveitarfélaganna gangi vel og ekki verði um hökt eða skerðingu á þjónustu vegna þessa. Slíkt gæti komið í veg fyrir svipaðar sameiningar í framtíðinni.

Brýnt er að íbúar sjái tækifæri í slíkum sameiningum og aðgerðir stjórnvalda til að hvetja þær séu skýrar.

Upplýsingavefur samstarfsnefndar

Upplýsingar um sameiningarviðræður Dalabyggðar og Húnaþings vestra er að finna á upplýsingavef samstarfsnefndar um sameiningu <https://dalhun.is>.